

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 26. september 2018
2018090009/42-2
TB
tb

Allt að 6 MW virkjun í Þverá í Vopnafirði, tillaga að matsáætlun

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 10. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun vegna allt að 6 MW virkjun í Þverá í Vopnafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tillögu að matsáætlun og telur að í henni sé gerð grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem þurfa að koma fram í frummatsskýrslu og gerir því ekki sérstakar athugasemdir við matsáætlunina. Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags).

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun

Við gerð frummatsskýrslna og skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

